



Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 6. júní 2011

Efni: Umsögn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ um frumvarp til laga er varða stjórn fiskveiða (strandveiðar, aflamark, veiðigjald o.fl.), 826. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 3. júní s.l. þar sem óskað er umsagnar Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda um frumvarp til laga er varðar stjórn fiskveiða (strandveiðar, aflamark, veiðigjald o.fl.)

Um efni frumvarpsins.

Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ tekur ekki afstöðu að svo komnu máli um þá hluta frumvarpsins er varða veiðigjald og skiptingu þess. Mun SFÚ einungis gera athugasemdir um þá þætti er snerta féлага þess beint.

Um 1. gr. SFÚ fagnar öllum þeim breytingum sem færa sjávarútvegsráðherra heimildir til að auka strandveiðar. Strandveiðar hafa tekið miklum breytingum frá því fyrst var farið að stunda þær, einkum og sér í lagi hvað varðar gæði þess hráefnis sem berst að landi. Hinsvegar gerir SFÚ athugasemdir við að þessi afli sé ekki skyldaður til sölu á opnum fiskmarkaði. Telur SFÚ að allur afli strandveiðibáta skuli skyldaður til sölu á fiskmarkaði.

Um 3. gr. SFÚ gerir athugasemd við eftirfarandi ákvæði greinarinnar „Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Vinnsla telst í þessu tilfelli vera öll sú vinnsla fisks sem er umfram slægingu og ísun.“ Telur SFÚ það ákvæði að landa skuli til vinnslu í byggðalaginu tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað leiði til þess að framboð á fiskmörkuðum dragist enn frekar saman og leiði í raun til ákveðinnar mismununar þar sem þessi afli er með þeim kvöðum að hann skuli unninn á ákveðnu landssvæði. Ef slík ákvæði eigi að vera inni eigi kvaðirnar að vera bundnar við þá aflaheimild sem úthlutað er sem byggðakvóta en eigi ekki að draga til sín aflaheimildir sem eru í almenna kerfinu. Slíkt auki á þá mismunun milli fiskvinnsla sem nú þegar er nóg af í núverandi kerfi.

Telja SFÚ að eðlilegt megi teljast að aflaheimildum sem úthlutað er sem byggðakvóta verði landað á fiskmarkað á því svæði sem byggðakvótinn er bundinn við en boðinn þar til sölu til allra sem bjóða vilja. Heimamenn njóti ákveðins forskots við það að aflanum sé landað í heimabyggð þeirra þar sem þeir þurfi ekki að greiða flutningskostnað aflans.



Um 7. gr. a. SFÚ telur eins og áður að þessi afli eigi að vera seldur á opnum fiskmörkuðum til hæstbjóðanda.

Um 7. gr. b. SFÚ fagnar heimildum til að ákveðið hlutfall afla teljist ekki til aflamarks og sá afli sé skyldaður á fiskmarkað.

Um 7. gr. c. SFÚ telur að aukning á strandveiðiheimildum skuli skylduð á opin fiskmarkað eins og áður hefur komið fram.

II. Annað

Að svo komnu máli hafa SFÚ ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið en áskilja sér að lokum rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum, m.a. þá þætti sem undanskildir voru hér að framan..

Samtökin lýsa sig jafnframt reiðubúin til að funda um málefnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Elín Björg Ragnarsdóttir
Framkvæmdastjóri

